

Svar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. vegna fyrirspurnar áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um viðbrögð við niðurstöðum [úr] starfsánægjukönnun slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna í nóvember 2021 - R21030227

Þann 15. nóvember 2021 barst Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins neðangreind fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði.

Eftirfarandi er svar slökkviliðsstjóra, Jóns Viðars Matthíassonar.

Fyrirspurnin

„Í kjölfarið af niðurstöðum starfsánægjukannanna sem komu afar illa út fékk fulltrúi Flokks fólksins fréttir af því að slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu hafi farið í samstarf við Empower. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvernig hefur verið brugðist við þessum niðurstöðum núna þegar nóvember er að verða hálfnaður? Í ljósi þess að niðurstöður sýndu alvarlega stöðu hjá fyrirtækinu er varðar líðan starfsfólks er spurt hvort ekki sé rétt að gerð verði heildarúttekt á trausti starfsfólks til stjórnenda slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu?“

Svar við fyrirspurn

Það er rétt að áréttta að starfsánægjukönnun meðal slökkviliðs- og sjúkraflutningsmanna var gerð síðast í nóvember 2020.

Til að bregðast við niðurstöðum starfsánægjukannanna voru settir á fót samstarfshópar sem í átta sæti fulltrúar allra starfsmanna. Hóparnir unnu tillögur að úrbótum sem þeir skiluðu til framkvæmdastjórnar slökkviliðsins. Þeim tillögum var skipt upp í 5 þætti: Upplýsingaflæði og samskipti, starfsþróun og endurmenntun, jafnari launagreiðslur og vaktaplan, aðstöðu og svo framtíðarsýn. Úr þeim tillögum voru settar fram 24 aðgerðir. Af þeim eru 9 komnar til framkvæmda, ein var ekki framkvæmanleg sökum persónuverndarsjónarmiða og 14 aðgerðir eru í vinnslu eða þurfa frekari skoðunar við.

Að höfðu samráði við fulltrúa starfsmanna var ákveðið að fá utanaðkomandi aðila til þess að vinna greiningu á samskiptum og jafnréttismálum á vinnustaðnum í víðu samhengi. Ákveðið var að fara í samstarf við Empower og gerður við þau samningur um að þau myndu vinna greiningarvinnu og halda úrbótavinnustofur með öllu starfsfólki í framhaldinu.

Úrbótavinnustofur voru haldnar með öllu starfsfólki í lok september og byrjun október. Niðurstöður úrbótavinnustofanna hafa verið kynntar fyrir öllu starfsfólki og hefur verið ákveðið að fá fyrirtækið Auðnast til að vinna áfram með stjórnendum og starfsfólki. Kynningarfundir hafa verið haldnir með starfsfólki og fulltrúa Auðnast sem fór yfir þeirra aðkomu. Búið er að boða stjórnendur í fræðslu er miðar að bættum samskiptum í desember og verður starfsfólk boðað í fræðslu sem mun fara fram í janúar. Metið verður í framhaldi til hvaða frekari aðgerða þurfi að grípa. Hvort rétt sé að gerð verði heildarúttekt á trausti starfsfólks til stjórnenda slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu og þá á hvaða tímamarki felur slökkviliðsstjóri öðrum að meta.